



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 6 desember 2003

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 13. október

Tekinn fyrir kaupsamningur á milli Skeggjastaðahrepps og Eignahaldsfélags Skeggjastaðahrepps. Ákveðið var að staðfesta tilboð Eignahaldsfélags Skeggjastaðahrepps í eftirfarandi eignir: Skólagötu 4, Bæjarás 11, Bæjarás 8, Miðvang 1, Miðvang 3 og Hafnargötu 13b upp á samtals 18.800.000 kr.

Fyrri umræða um endurskoðun fjárhagsáætlun 2003 og áætlun til næstu þriggja ára. Samþykkt samhljóða, ákveðið var að skoða betur þá liði sem eru röngum megin við núllið og leita leiða til þess að rétta þá við.

Vegaftirlit hér í sveit er ekki gott og verður skorað á Vegagerðina bréflega að bæta úr því.

Búið er að semja við Mælifell um viðgerð á löndunarbryggjunni, kostnaður við verkið er 780.000 kr. m.vsk. Komið er munnlegt loforð frá Siglingastofnun um að taka þátt í kostnaði við þetta verkefni um 60%. Framkvæmdum við stækkun Sjafnarbryggju er lokið og búið að fara fram á við Siglingastofnun að hún taki þátt í lokafrágangi hafnarsvæðisins.

Bréf barst frá Póst og Fjarskiptastofnun þar sem óskað var eftir afstöðu hreppsnefndar til breytingar á rekstrarfyrirkomulagi afgreiðslu Íslandspósts á Bakkafirði. Hreppsnefnd mótmælir harðlega áformum um skerðingu á þjónustu Íslandspóst á Bakkafirði og var sent bréf þess efnis.

Fundur 20. október

Seinni umræða um endurskoðaða fjárhagsáætlun auk þriggja ára fjárhagsáætlun. Voru þær báðar samþykktar samhljóða og verður sent bréf þess efnis til Félagsmálaráðuneytis.

Fjallskilasamþykktir teknar til umræðu og var ákveðið að hefja viðræður við Vopnafjarðahrepp og Þórshafnarhrepp um það hvernig hægt væri að ná niður kostnaði, sem er mikill á Skeggjastaðahreppi.

Samningur um akstur skólabarna 2003-2006 lagður fyrir og samþykktur.

Lögð var fram tillaga að taka til umræðu ráðnigu á búfjárefntirlitsmanni fyrir Skeggjastaðahrepp og Vopnafjarðahrepp. Friðbjörn Guðmundsson frá Hauksstöðum í Vesturárdal sem sameiginlegan búfjárefntirlitsmann. Var ráðning hans samþykkt af hálfu hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps.

Fundur 11. nóvember

Þrjú fyrirtæki eru búin að sækja útboðgögn fyrir nýja neysluvatnslögn skólahúsnaðisins. Tilboð verða opnuð þriðjudaginn 18. nóvember 2003 kl. 11.00 á skrifstofu hreppsins. Áætluð verklok eru 15. febrúar 2004.

Flugbrautinn (flugvöllurinn) verður sett upp í maí 2004.

Tekið fyrir bréf til Umhverfisráðuneytis. Umræða var um stöðu mála í vatnslögnum, vatnsveitu, skolplögnum og um deiliskipulag. Leitað verður til umhverfis- og félagsmálaráðuneytis um fjárstuðning. Ákveðið að leita til fleiri aðila um kostnaðaráætlun en Teikn á Lofti.

Vegna byggðarkvótaúthlutunar fóru mótmæli til sjávarútvegsráðherra frá hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps þar sem farið var fram á að hlutur sveitafélagsins væri leiðréttur. 10. nóvember kom svar frá ráðuneytinu þar sem erindinu var synjað. Sveitastjórn hefur tveggja vikna frest til þess að koma með tillögur til ráðuneytis um skiptingu á hlut Skeggjastaðahrepps til einstakra skipa.

Bréf barst frá varasjóði húsnaðismála. Staða framlaga vegna sölu félagslegra íbúða og lækkun framlags sveitarfélaga vegna viðbótarlána. Þar kom fram að framlag sveitarfélaga til tryggingar á viðbótarlánum lækkar úr 5% í 4%. Lækkunin tekur til allra viðbótarlána sem afgreidd eru af íbúðalánasjóði eftir gildistöku reglugerðarinnar.

Bréf barst frá Þórshöfn vegna kaupa á tækjabifreið. Beðið var um styrk til að standa straum af kostnaði við kaup og standsetningu bifreiðar. Ákveðið var að styrkja málefnið um 30.000 kr.

Tekin fyrir gjaldskrá gatnagerðagjalda, byggingaleyfisgjalda og tengigjalda vatnsveitu Skeggjastaðahrepps. Samþykkt samhljóða, gjaldskrá tekur gildi 12. nóvember 2003. Send til birtingar í Lögbirting (b.hluta).

Farið var á leit við Skeggjastaðahrepp að hann veiti vegagerðinni framkvæmdarleyfi vegna Norð-Austurvegar: Brekknaheiði-Saurbæjará. Sveitastjórn fól Hilmari Gunnlaugssyni, lögmanni sveitarfélagsins, að svara bréfinu.

Bréf kom frá Menntamálaráðuneytinu þar sem það kemur fram að Skeggjastaðahreppur fái styrk, 120.000 kr., fyrir íslenskukennlu fyrir útlendinga á haustönn.

Fundur 18. nóvember

Fundur haldinn vegna opnum tilboða vegna útboðs í neysluvatnslagnir skólans.

Kostnaðaráætlun:

1. Aðstaða, rif og borverk	489.700 kr.
2. Vatnslagnir	2.388.800 kr.
3. Aukaverk	167.500 kr.

Samtals:

3.046.000 kr.

Fyrra tilboðið sem opnað var, var frá Bílum og Vélun á Vopnafirði, var svo hljóðandi.

1. Aðstaða og fleira	560.000 kr.
2. Vatnslagnir	2.578.000 kr.
3. Aukaverk	180.000 kr.

Samtals:

3.312.000 kr.

Seinna tilboðið sem opnað var, var frá Austurlögnum ehf, var svo hljóðandi.

1. Aðstaða og fleira	328.500 kr.
2. Vatnslagnir	1.880.900 kr.
3. Aukaverk	87.500 kr.

Samtals:

2.296.900 kr.

Haft verður samband við tilboðsaðila þegar öll tilboðsgögn hafa borist og búið verður að fara yfir þau.

Fundur 19. nóvember

Farið var yfir tilboðsgögnin og voru bæði rétt.

Fundur 20. nóvember

Bréf barst frá Árna Róbertsýni þar sem hann kannar hvort Skeggjastaðahreppur hafi áhuga á að leigja húsnæði það sem nú hýsir pósthúsið á Bakkafirði, með innréttingu undir skrifstofur sveitarfélagsins. Bréfinu var svarað, þar sem hreppsnefnd segir að hún geti ekki tekið afstöðu til málsins að svo stöddu vegna óvissuþátta rekstraraðila í þjónustu á staðnum.

Hreppsnefnd sendi bréf til Stjórnarformanns Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, afrit var sent stjórnarmönnum. Þar er þess formlega farið á leit við Stjórn Sparisjóðsins að opnað verði útibú á Bakkafirði.

Fundur 2. desember

Afgreitt mál Hafnar I, umsókn um endurbyggingu. Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps samþykkir að veita Hermanni Ægi Aðalsteinssýni leyfi til þess að endurbyggja húseignina Höfn I í samræmi við umsókn þess efnis.

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun fyrir árið 2004.

Komið er að endurnýjun samnings við Svæðisvinnumiðlun Austurlands. Ákveðið var að endurnýja samninginn.

Tillögur um reglur um skiptingu byggðarkvóta. Ákveðið var að hafa samband við Jón B. Jónsson og fara yfir málið.